

**1993 nr. 37 30. apríl****Stjórnsýslulög**

**Tóku gildi 1. janúar 1994.** *Breytt með:* L. 36/1999 (tóku gildi 1. maí 1999). L. 83/2000 (tóku gildi 2. júní 2000 nema 1. gr. sem tók gildi 1. jan. 2001). L. 49/2002 (tóku gildi 6. maí 2002). L. 51/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003). L. 76/2003 (tóku gildi 1. nóv. 2003). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 140/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013). L. 55/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020; *EES-samningurinn:* XI. viðauki reglugerð 910/2014). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 131/2020 (tóku gildi 17. des. 2020; *EES-samningurinn:* XVII. viðauki tilskipun 2016/943).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Gildissvið laganna.****■ 1. gr. Gildissvið.**

- Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.
- Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla. [Þá gilda ákvæði X. kafla um tjáningarfrelsi, þagnarskyldu o.fl. um alla stjórnsýslu sem fram fer á vegum ríkis og sveitarfélaga.]<sup>1)</sup>
- Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig um gerð samninga einkaréttar eðlis.

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 1. gr.

**■ 2. gr. Gildissvið gagnvart öðrum lögum.**

- Lög þessi, [utan X. kafla],<sup>1)</sup> gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldprotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti.
- Ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en lög þessi mæla fyrir um, halda gildi sínu. Um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga fer þó eftir sveitarstjórnarlögum.

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 2. gr.

**II. kafli. Sérstakt hæfi.****■ 3. gr. Vanhæfisástæður.**

- Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:
  1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmaður aðila.
  2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægdur aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
  3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
  4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
  5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.]<sup>1)</sup>
  6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.
- Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með

þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

<sup>1)</sup> L. 49/2002, 1. gr.

**■ 4. gr. Áhrif vanhæfis.**

- Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.
- Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

**■ 5. gr. Málsmeðferð.**

- Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.
- Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.
- Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórn-sýslunefndar á þeim.
- Stjórnsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

**■ 6. gr. Setning staðgengils.**

- Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.

**III. kafli. Almennar reglur.****■ 7. gr. Leiðbeiningarskylda.**

- Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfs-svið þess.
- Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfs-svið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

**■ 8. gr. Útreikningur frests.**

- Þar sem kveðið er á um frest í lögum telst sá dagur, sem fresturinn er talinn frá, ekki með í frestinum.
- Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta opnunardags þar á eftir. Að öðru leyti ber að telja frídaga með sem eru innan frestsins þegar fresturinn er reiknaður.

**■ 9. gr. Málshraði.**

- Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.
- Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal til-taka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.
- Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður taf-anna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.
- Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.

**■ 10. gr. Rannsóknarreglan.**

- Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

■ **11. gr. Jafnræðisreglan.**

□ Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

□ Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

■ **12. gr. Meðalhófsreglan.**

□ Stjórnvald skal því aðeins taka þýngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

**IV. kafli. Andmælaréttur.**

■ **13. gr. Andmælaréttur.**

□ Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

■ **14. gr. Tilkyning um meðferð máls.**

□ Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

■ **15. gr. Upplýsingaréttur.**

□ [Aðili máls á rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varða. Ef við verður komið skal veita aðgang að gögnum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum sem þau eru varðveitt á, nema þau séu þegar aðgengileg almennungi með rafrænum hætti. Þegar skjöl eru eingöngu varðveitt á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þau afhent á því formi eða útprentuð á pappír.

□ Þegar skjöl eru mörg er heimilt að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi sá sem afhendir gögn ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Aðili skal þá greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afritun annarra gagna en skjala eftir því sem við á.

□ Ráðherra ákveður með gjaldskrá<sup>1)</sup> hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efniskostnaði, og kostnaði vegna vinnu starfsmanna og búnaðar.

□ Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði hærri en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.<sup>2)</sup>

□ Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

□ Ákvæði þessarar greinar taka ekki til [rannsóknar sakamáls og meðferðar þess að öðru leyti].<sup>3)</sup> Þó [geta sakborningur og brotþoli]<sup>4)</sup> krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins eftir að það hefur verið fellt niður eða því lokið með öðrum hætti.

<sup>1)</sup> Gjaldskrá 307/2009. <sup>2)</sup> L. 140/2012, 36. gr. <sup>3)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>4)</sup> L. 36/1999, 48. gr.

■ **16. gr. Gögn undanþegin upplýsingarétti.**

□ Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.

2. Bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.

3. Vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota. Þó á aðili aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma

endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

□ Ef það sem greinir í 1. mgr. á aðeins við um hluta skjals skal veita aðila aðgang að öðru efni skjalsins.

■ **17. gr. Takmörkun á upplýsingarétti.**

□ Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 83/2000, 6. gr.

■ **18. gr. Frestun máls.**

□ Stjórnvaldi er heimilt að setja málsaðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

□ Að öðrum kosti getur aðili á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað eins honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn og gera grein fyrir afstöðu sinni. Máli skal þó ekki frestað ef það hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.

■ **19. gr. Rökstuðningur synjunar og kæruehimild.**

□ Ákvörðun stjórnvalds um að synja málsaðila um aðgang að gögnum máls eða takmarka hann að nokkru leyti skal tilkynnt aðila og rökstudd í samræmi við V. kafla laga þessara.

□ Kæra má synjun eða takmörkun til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Kæra skal borin fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

**V. kafli. Birting ákvörðunar, rökstuðningur o.fl.**

■ **20. gr. Birting ákvörðunar og leiðbeiningar.**

□ Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila.

□ Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skal veita leiðbeiningar um:

1. heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda,
2. kæruehimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kærui,
3. frest til þess að bera ákvörðun undir dómstóla ef slíkur frestur er lögákvæðinn.

□ Fylgi rökstuðningur ákvörðunar þegar hún er tilkynnt skal veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr.<sup>1)</sup>

□ Ekki þarf þó að veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. mgr. þegar ákvörðun er tilkynnt hafi umsókn aðila verið tekin til greina að öllu leyti.

<sup>1)</sup> Í Sjátt. A 1993 bls. 183 stendur málsliðurinn „Fylgi rökstuðningur ákvörðunar þegar hún er tilkynnt skal veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr.“ sem síðari málsliður 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. Ef tekið er mið af tilvísunum í málsliðnum í 2. og 3. tölul. 2. mgr. og tilvísunum í 2. og 3. mgr. í lokamálsgrein greinarinnar, sem og af athugasemdum við 20. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 37/1993 (Alþtíð. 1992–93 A, bls. 3301) er augljóst að málsliðurinn á með réttu að vera 3. mgr. greinarinnar.

■ **21. gr. Hvenær veita skal rökstuðning.**

□ Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

□ Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

□ Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

□ Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur.

■ **22. gr. Efni rökstuðnings.**

□ Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

□ Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins.

□ Takmarka má efni rökstuðnings að því leyti sem vísa þarf til gagna sem aðila máls er ekki heimill aðgangur að, sbr. 16. og 17. gr.

□ Hafi stjórnvísunefnd ekki samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður færa rök fyrir henni í samræmi við 1.–3. mgr.

**VI. kafli. Afturköllun ákvörðunar o.fl.**

■ **23. gr. Breyting og leiðrétting.**

□ Stjórnvald getur breytt ákvörðun sinni þar til hún hefur verið tilkynnt aðila máls.

□ Eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í henni, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hefur endurtt af ákvörðuninni nýtt endurtt í té.

■ **24. gr. Endurupptaka máls.**

□ Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða

2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

□ Eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

■ **25. gr. Afturköllun.**

□ Stjórnvald getur afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls, þegar:

1. það er ekki til tjóns fyrir aðila, eða

2. ákvörðun er ógildanleg.

**VII. kafli. Stjórnvísunefndir.**

■ **26. gr. Kæruheimild.**

□ Aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

□ Ákvörðun, sem ekki bindur enda á mál, verður ekki kærð fyrir en málið hefur verið til lykta leitt.

■ **27. gr. Kærufrestur.**

□ Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg.

□ Þar sem lög mátt er að birta skuli ákvörðun með opinberum hætti hefst kærufrestur eftir fyrstu birtingu sé ákvörðunin birt oftar.

□ Þegar aðili fer fram á rökstuðning skv. 21. gr. hefst kærufrestur ekki fyrir en rökstuðningur hefur verið tilkynntur honum.

□ Þegar aðili óskar eftir endurupptöku máls innan kærufrests rofnar kærufresturinn. Hafni stjórnvald að taka mál til meðferðar á ný heldur kærufrestur áfram að liða að nýju frá þeim tíma þegar sú ákvörðun er tilkynnt aðila.

□ Kæra telst nógu snemma fram komin ef bréf, sem hefur hana að geyma, er komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

□ Áður en kærufrestur rennur út er æðra stjórnvaldi heimilt í sérstökum tilvikum að lengja kærufrest.

■ **28. gr. Kæra berst að liðnum kærufresti.**

□ Hafi kæra borist að liðnum kærufresti skal vísa henni frá, nema:

1. afsakanlegt verði talið að kæraran hafi ekki borist fyrir, eða

2. veigamiklar ástæður mæla með því að kæraran verði tekin til meðferðar.

□ Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

■ **29. gr. Réttaráhrif kærðrar ákvörðunar.**

□ Stjórnvísunefndir frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

□ Æðra stjórnvaldi er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

□ Ákveða skal svo fljótt sem við verður komið hvort fresta skuli réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar.

■ **30. gr. Málsmeðferð í kærumáli.**

□ Við meðferð kærumáls skal fylgja ákvæðum II.–VI. og VIII. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

□ Heimilt er að ákveða að mál skuli flutt munnlega ef það er sérstaklega vandasamt og ætla má að það upplýsist betur með þeim hætti.

■ **31. gr. Form og efni úrskurða í kærumáli.**

□ Úrskurður æðra stjórnvalds í kærumáli skal ávallt vera skriflegur og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram á stuttan og glöggan hátt:

1. Kröfur aðila.

2. Efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hin kærða ákvörðun.

3. Stutt yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni málsins.

4. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls skv. 22. gr.

5. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð.

**VIII. kafli. Stjórnvísunefndir.**

■ **32. gr. Skipun nefndarmanna.**

□ Þegar skipað er í stjórnvísunefnd, sem tekur ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, skal ávallt skipa aðalmenn og jafnmarga varamenn samtímis. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

□ Þegar aðalmaður í stjórnvísunefnd forfallast um stundarsakir tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Þegar aðalmaður fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans og skal þá nýr varamaður skipaður, nema sá sem skipað hefur í nefndina ákveði að skipa aðalmann að nýju.

■ **33. gr. Fundarboðun.**

□ Formaður stjórnvísunefndar boðar til fundar og skal boða til hans með hæfilegum fyrirvara. Formanni er skylt að boða til fundar ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess.

□ Nefndarmaður skal án tafar tilkynna formanni um forföll. Skal formaður þá boða varamann í hans stað.

■ **34. gr. Málsmeðferð.**

□ Stjórnsýslunefnd er ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund.

□ Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin. Þegar atkvæði eru jöfn við kosningu manns í starf ræður hlutkesti.

**[IX. kafli. Rafræn meðferð stjórnsýslumála.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 51/2003, 1. gr.

■ **[35. gr. Heimild til rafrænnar meðferðar máls.**

□ Stjórnvald ákveður hvort boðið verður upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls. Þær kröfur, sem vél- og hugbúnaður aðila þarf að fullnægja svo að meðferð máls geti farið fram með rafrænum hætti, skulu vera honum aðgengilegar við upphaf máls og skal stjórnvald vekja athygli hans á þeim eftir því sem ástæða er til. Haga skal þessum kröfum með það fyrir augum að búnaður sem flestra nýtist.

□ Stjórnvald, sem ákveður að nýta heimild skv. 1. mgr., skal nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls óski aðili þess sérstaklega. Hið sama gildir þegar aðili hefur að fyrra bragði notað þann búnað til rafrænna samskipta við stjórnvald sem það hefur auglýst á vefsíðu sinni að standi til boða í slíkum samskiptum.

□ Stjórnvald getur ákveðið hvaða kröfum gögn, sem það móttækur með rafrænum hætti, þurfa að fullnægja. Stjórnvald getur meðal annars áskilið að gögn, sem það móttækur, skuli sett fram á sérstökum rafrænum eyðublaðum. Skal þá veita staðlaðar leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins og þær kröfur sem stjórnvald gerir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2003, 2. gr.

■ **[36. gr. Formkröfur.**

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn til aðila máls eða stjórnvalds séu skrifleg skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði, enda séu þau tæknilega aðgengileg móttakanda þannig að hann geti kynnt sér efni þeirra, varðveitt þau og framvísað þeim síðar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2003, 3. gr.

■ **[37. gr. Frumrit og afrit.**

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að skjal skuli vera í frumriti skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði ef tryggt er að gögnin séu óbreytt frá upprunalegri gerð. Þetta á þó ekki við um viðskiptabréf eða önnur bréf þar sem fjárhagsleg réttindi eru bundin við handhöfn bréfsins.

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn séu lögð fram í fleiri en einu eintaki skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2003, 4. gr.

■ **[38. gr. Rafrænar undirskriftir.**

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð er stjórnvaldi heimilt að ákveða að rafræn undirskrift komi í stað eiginhandarundirskriftar, enda tryggi rafræna undirskriftin með sambærilegum hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem gögnin stafa frá. Fullgild rafræn undirskrift . . .<sup>1)</sup> skal ætíð teljast fullnægja áskilnaði laga um undirskrift.

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn eða tiltekin atriði þeirra séu vottuð telst slík-

um áskilnaði fullnægt með vottorði rafrænnar undirskriftar skv. 1. mgr. sem staðfestir þau atriði sem krafist er að séu vottuð.

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja ekki að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð er stjórnvaldi heimilt að ákveða að aðrar aðferðir en rafrænar undirskriftir megi nota við staðfestingu rafrænna gagna.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 55/2019, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 51/2003, 5. gr.

■ **[39. gr. Rafræn málsmeðferð.**

□ Stjórnvaldsákvörðun eða önnur gögn á rafrænu formi teljast birt aðila þegar hann á þess kost að kynna sér efni þeirra. Aðili máls ber ábyrgð á því að vél- og hugbúnaður hans fullnægi þeim kröfum sem til hans eru gerðar, sbr. 1. mgr. 35. gr., og nauðsynlegar eru svo að hann geti kynnt sér efni stjórnvaldsákvörðunar eða annarra gagna sem stjórnvald sendir honum á rafrænu formi.

□ Erindi eða önnur gögn teljast komin til stjórnvalds þegar það á þess kost að kynna sér efni þeirra. Stjórnvald skal að eigin frumkvæði staðfesta að því hafi borist gögn, eftir því sem unnt er.

□ Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að stjórnvöld birti aðila gögn með sannanlegum hætti telst slíkum áskilnaði fullnægt með notkun rafræns búnaðar sem staðfestir að gögn séu komin til aðila.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2003, 6. gr.

■ **[40. gr. Varðveisla rafrænna gagna.**

□ Stjórnvald skal varðveita rafræn gögn þannig að unnt sé að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar með aðgengilegum hætti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 51/2003, 7. gr.

**[X. kafli. Tjáningarfrelsi, þagnarskylda o.fl.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ **[41. gr. Tjáningarfrelsi.**

□ Hver sá sem starfar á vegum ríkis eða sveitarfélaga hefur frelsi til að tjá sig opinberlega um atriði er tengjast starfi hans, svo fremi sem þagnarskylda eða trúnaðar- og hollustuskyldur standa því ekki í vegi.

□ Undir þagnarskyldu falla ekki upplýsingar um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi starfsmanna stjórnvalda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ **[42. gr. Þagnarskylda.**

□ Hver sá sem starfar á vegum ríkis eða sveitarfélaga er bundinn þagnarskyldu um upplýsingar sem eru trúnaðarmerktar á grundvelli laga eða annarra reglna, eða þegar að öðru leyti er nauðsynlegt að halda þeim leyndum til að vernda verulega opinbera hagsmuni eða einkahagsmuni, svo sem um:

1. Öryggi ríkisins eða varnarmál.
2. Samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir.
3. Efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins.
4. Aðgerðir stjórnvalda til að fyrirbyggja afbrot, um rannsókn sakamála, svo og fullnustu refsinga. Hið sama gildir um upplýsingar um vernd grunaðra, vitna og annarra sem tengjast sakamálum.
5. Viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra.
6. Fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga ef þau yrðu þýðingarlaus eða skilufu ekki tilætlum árangri væru þau á almannavitorði. Þegar þær ráðstafanir eru afstaðnar sem ákvæði þetta tekur til fellur þagnarskylda niður nema önnur þagnarskylduákvæði eigi við.

7. Umhverfismál ef birting upplýsinganna getur haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem upplýsingarnar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

8. Einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Undir ákvæðið falla ekki upplýsingar um fæðingardag, fæðingarstað, kennitölu, hjúskaparstöðu, starfsheiti, vinnustað, dvalarstað eða lögheimili manns nema þær tengist náði upplýsingum sem þagnarskylda ríkir um, en farið skal að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Auk þess er óheimilt að veita upplýsingar um lögheimili sé í gildi ákvörðun Þjóðskrár Íslands um dulið lögheimili á grundvelli laga um lögheimili og aðsetur.

9. Virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra einkaréttarlegra lögaðila, svo sem um rekstrar- eða samkeppnisstöðu, svo og [viðskiptaleyndarmál]<sup>1)</sup> sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

□ Í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er eingöngu heimilt að ákveða að upplýsingar lúti þagnarskyldu sé það nauðsynlegt til verndar ákveðnum opinberum hagsmunum eða einkahagsmunum á grundvelli 1. mgr. og það samrýmist lýðræðishefðum.

□ Í þagnarskyldu felst að starfsmanni er óheimilt að miðla eða notfæra sér sjálfur eða í þágu annarra upplýsingar um málsatvik sem leynt eiga að fara og starfsmaður hefur orðið áskynja um í starfi sínu eða vegna starfs síns, hvort sem það er fyrir tilviljun eða ekki. Þá ber starfsmanni að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu komist ekki til vitundar óviðkomandi við meðferð og varðveislu þeirra. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

□ Þegar stjórnvald kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróðan mann þar sem þörf krefur skal í verksamningi tekið fram að um þagnarskyldu hans fari samkvæmt ákvæðum X. kafla laga þessara og gilda þá ákvæði kaflans.

□ Brot á þagnarskyldu samkvæmt þessari grein varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Hafi ásetningur ekki staðið til verknaðarins getur brot varðað refsingu skv. 141. gr. sömu laga að skilyrðum ákvæðisins uppfylltum. Brot annarra en opinberra starfsmanna, sbr. 4. mgr., varða sektum eða fangelsi allt að einu ári hafi þau verið framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Tilraun til brots eða hlutdeild í broti er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2020, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [43. gr. *Takmarkanir og brottfall á þagnarskyldu.*

□ Stjórnvaldi er heimilt að miðla upplýsingum sem háðar eru þagnarskyldu til þriðja manns hafi þar til bær aðili gefið samþykki sitt til þess eða á grundvelli lagaheimildar. Eingu sá sem á þá hagsmuni sem þagnarskyldureglunum er ætlað að vernda eða sá sem upplýsingarnar varða beinlínis er bær til að gefa samþykki sitt. Um samþykki til að miðla persónuupplýsingum fer samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

□ Heimilt er að birta tölfraeðiupplýsingar sem byggðar eru á upplýsingum um einkahagsmuni sem háðar eru þagnarskyldu, enda séu persónugreinanlegar upplýsingar ekki veittar og úrtakið það stórt og breytur þannig afmarkaðar að ekki sé hægt að greina um hvaða einstaklinga er að ræða. Hið sama gildir eftir því sem við getur átt um virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra einkaréttarlegra lögaðila.

□ Heimilt er að birta opinberlega stjórnvaldsákvæðanir þar sem fjallað hefur verið um upplýsingar um einkahagsmuni sem háðar eru þagnarskyldu, enda séu persónugreinanlegar upplýsingar afmáðar. Hið sama gildir um virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra einkaréttarlegra lögaðila.

□ Þegar upplýsingar sem eru háðar þagnarskyldu hafa verið gerðar opinberar á löglegan hátt, svo sem þegar maður hefur augljóslega sjálfur gert upplýsingar opinberar um sig, fellur þagnarskyldan niður frá og með slíkri birtingu.

□ Þagnarskylda fellur niður þegar upplýsingar verða aðgengilegar almenningi á grundvelli fyrirmæla upplýsingalaga, laga um upplýsingarétt um umhverfismál, laga um opinber skjalasöfn eða annarra laga. Sama gildir þegar dómari hefur úrskurðað að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [44. gr. *Misnotkun á aðstöðu.*

□ Hverjum þeim sem starfar á vegum ríkis eða sveitarfélaga er óheimilt að notfæra sér aðstöðu sína til þess að afla upplýsinga sem þagnarskylda ríkir um og ekki hafa þýðingu fyrir störf hans. Brot á þagnarskyldu samkvæmt þessari grein varðar refsingu skv. 139. gr. almennra hegningarlaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [45. gr. *Þagnarskylda málsaðila, vitna og umsagnaraðila.*

□ Þegar málsaðili fær á grundvelli 15. gr. aðgang að skjali sem hefur að geyma viðkvæmar upplýsingar um einkahagsmuni annarra eða opinbera hagsmuni og er trúnaðarmerkt með vísan til 42. gr. er hann bundinn þagnarskyldu um inntak þess og er eingöngu heimilt að nota upplýsingarnar að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins. Umboðs- og aðstoðarmenn málsaðila eru bundnir þagnarskyldu á sama hátt.

□ Þegar vitni fær aðgang að skjali sem er trúnaðarmerkt með vísan til 42. gr. er það bundið þagnarskyldu um inntak þess og er eingöngu heimilt að nota upplýsingarnar við að gefa vitnisburð sinn í málinu.

□ Þegar lögboðið er að leita skuli umsagnar einkaréttarlegs aðila áður en ákvörðun í máli er tekin og slíkum umsagnaraðila er veittur aðgangur að skjali sem er trúnaðarmerkt með vísan til 42. gr. er hann bundinn þagnarskyldu um inntak þess og eingöngu heimilt að nota upplýsingarnar til að gefa um-sögn sína.

□ Þegar stjórnvald sýnir eða lætur skjöl af hendi til málsaðila, vitna eða umsagnaraðila skal veita leiðbeiningar um þær reglur sem um þau gilda og hverju það varði ef þær eru brotnar. Þess skal ávallt gætt að skjölin séu skýrlega trúnaðarmerkt með vísan til 42. gr.

□ Brot á þagnarskyldu samkvæmt þessari grein varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Tilraun til brots eða hlutdeild í broti er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [46. gr. *Miðlun upplýsinga til annars stjórnvalds.*

□ Um heimild stjórnvalds til að miðla skráðum persónuupplýsingum til annars stjórnvalds fer samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eða sérákvæðum laga.

□ Þegar upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um eru einvörðungu afhentar stjórnvöldum í tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi má hlutaðeigandi stjórnvald ekki miðla slíkum upplýsingum áfram til annars stjórnvalds til nota í öðrum tilgangi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [47. gr. *Þagnarskylda annarra sem veita borgurum þjónustu á vegum stjórnvalda.*

□ Þegar gerður er þjónustusamningur um að verktaki skuli rækja tiltekna þjónustu við borgarana á vegum stjórnvalda samkvæmt ákvæðum 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, eða annarra laga, skulu verktakinn og starfsmenn hans bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við að veita borgurum þjónustu og leynt á að fara skv. 42. gr. Brot á ákvæðum þessarar greinar varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Tilraun til brots eða hlutdeild í broti er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

□ Ef sá samningur sem gerður hefur verið við verktaka skv. 1. mgr. felur jafnframt í sér verklegar framkvæmdir, þjónustu við stjórnvöld og annað þess háttar tekur þagnarskyldan einvörðungu til þess þáttar samningsins sem lýtur að því að veita

borgurum þjónustu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [48. gr. *Reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga.*

□ Ráðherra setur reglugerð til að tryggja örugga meðferð trúnaðarupplýsinga hjá stjórnvöldum ríkisins, m.a. um trúnaðarmerkingu upplýsinga og varðveislu þeirra, ábyrgð og eftirlit. Ráðherra gefur út leiðbeiningar um reglur sveitarfélaga um meðferð trúnaðarupplýsinga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

[XI. kafli.]<sup>1)</sup> **Gildistaka o.fl.**

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [49. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

□ Beita skal lögum þessum einvörðungu um mál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna. Sé mál tekið upp að nýju eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds eftir gildistöku laga þessara skal beita lögnum um þau mál upp frá því.

□ Ákvæðum 27. gr. um kærufrest skal aðeins beita um þau mál þar sem ákvörðun hefur verið tilkynnt eftir gildistöku laganna.

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.

■ [50. gr.]<sup>1)</sup> . . .

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 3. gr.